

Hallgrímur Pétursson
1614 - 400 ára minning - 2014



Sýning í Þjóðarbókhöðu, opnuð 11. september 2014

HALLGRÍMUR PÉTURSSON – 400 ÁRA MINNING 1614-2014

Sýning í Þjóðarbókhöfðu, opnuð 11. september 2014.

Hönnun sýningar og skrár:

Ólafur J. Engilbertsson.

Sýningartexti:

Margrét Eggertsdóttir.

Val handrita og skýringartextar:

Halldóra Kristinsdóttir, Sigríður H. Jörundsdóttir.

Umsjón með verkefnum:

Áki G. Karlsson, Bragi Þ. Ólafsson, Bryndís Vilbergisdóttir, Halldóra Kristinsdóttir, Kristrún Danielsdóttir, Ólafur J. Engilbertsson, Rannver Hannesson, Rósa Bjarnadóttir, Sigríður H. Jörundsdóttir, Örn Hrafnkelsson.

Prófarkalestur:

Bryndís Ísaksdóttir, Jökull Sævarsson.

Ljósmyndir:

Gísli Egill Hrafnsson, Mats Wibe Lund, Sæmundur Kristinsson. Ljósmyndir fyrir Landsbókasafn: Helgi Bragason. Ljósmyndir úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni: Jóhanna G. Ólafsdóttir, Sigurhans Vignir.

Prentun skrár:

Litróf – Hagprent ehf.

Prentun sýningar:

Sýningakerfi ehf.

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2014.

ISBN 978-9935-434-05-0

Ríkisstjórn Íslands styrkti sýninguna.

Ávarp landsbókavarðar

Í ár er minnst 400 ára afmælis Hallgríms Péturssonar prests og sálmaskálds. Það hefur verið gert með ýmsum hætti, m.a. með ráðstefnum, guðsþjónustum, útgáfu og flutningi verka Hallgríms bæði í tónum og tali. Og nú verður opnuð sýning um hann í Þjóðarbókhöðdu. Hún er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Undirbúningur hefur staðið yfir í nær tvö ár og fjölmargir hafa komið að gerð sýningarinnar. Ríkisstjórnin ákvað í upphafi árs 2014 að styrkja ýmsa viðburði tengda Hallgrími á árinu og þar á meðal þessa sýningu, þar sem rakinn er æviferill Hallgríms og verkum hans gerð skil.

Verk Hallgríms hafa átt greiða leið að þjóðinni og hafa verið lesin og sungin í gegnum tíðina og er það til marks um mikilvægi *Passíusálmanna* í hugum fólks, að þeir eru það rit sem oftast hefur verið gefið út á Íslandi og að þeir eru lesnir árlega í Ríkisútvarpinu. Örlög hjónanna Hallgríms og Guðríðar Símonardóttur hafa einnig snert fólk, en frá þeim er kominn stór ættbogi. Þau eignuðust þrjú börn en einungis Eyjólfur sonur þeirra átti afkomendur.

Verk Hallgríms eru varðveitt hér í safninu í ýmsu formi. Dýrmætast er eiginhandarrit hans af *Passíusálmunum*, sem var meðal handrita Jóns Sigurðssonar sem voru keypt árið 1877 til Landsbókasafns. Hér eru einnig varðveittar fjölmargar uppskriftir með skáldskap og öðrum verkum Hallgríms, alls um 600 handrit. Verk hans hafa einnig verið prentuð í mörgum útgáfum. *Passíusálmarnir* voru fyrst prentaðir á Hólum 1666 og eru útgáfur þeirra á íslensku nú orðnar 90. Þeir hafa einnig verið þýddir og gefnir út erlendis. Alls eru um 700 útgáfur tengdar Hallgrími sem finnast í leitarvélinni leitir.is. Og sífellt bætist við, þannig að segja má að arfur Hallgríms – og Guðríðar, sé enn síkvik uppspretta innblásturs fyrir fræðiiðkendum og listafólki, en einnig lesendum og hlustendum. En eins og Hallgrímur segir sjálfur:

*Ó, Jesú, gef þinn anda mér,
allt svo verði til dýrðar þér
uppteiknað, sungið, sagt og téð.
Síðan þess aðrir njóti með.*

Auk sýningarinnar er í undirbúningi endurgerð vefs um Hallgrím sem settur var upp í samstarfi við Ríkisútvarpið og Stofnun Árna Magnússonar árið 1998. Lögð hefur verið áhersla á stafræna endurgerð og skráningu helstu handrita með verkum Hallgríms sem hafa textafræðilega merkingu og eru þau aðgengileg á vefnum handrit.is. Þá hafa um 50 titlar með verkum hans í prentuðum bókum verið gerðir aðgengilegir á vefnum bækur.is. Ennfremur hefur safnið látið binda inn viðhafnarútgáfu af *Passíusálmunum* sem kom út árið 1996, en bókin hefur verið ófánleg um skeið. Í henni er ljósprentun af eiginhandarriti Hallgríms frá 1659, með stafréttum texta og lestexta í fræðilegri útgáfu ásamt skrá yfir fyrri útgáfur.



Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Ég vil þakka öllum sem komu að gerð sýningarinnar með einum eða öðrum hætti. Meginþungi vinnunnar hefur legið á sýningarstjóra og starfsfólki varðveislusviðs. Starfsfólki Stofnunar Árna Magnússonar er sérstaklega þakkað fyrir samstarfið.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður



Halldóra Kristinsdóttir



Sigríður Hjördís Jörundsdóttir

Innlit í handritamergð Hallgríms Péturssonar

Þegar þess er minnst að 400 ár eru liðin frá fæðingu Hallgríms Péturssonar er vert að líta yfir þann arf sem hann skilur eftir sig. Einn mesti dýrgripur handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er eiginhandarrit skáldsins að *Passíusálmunum*, JS 337 4to, skrifað árið 1659. Sagan á bak við handritið er merkileg en Hallgrímur gaf það Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups árið 1661.

Eiginhandarrit Hallgríms að *Passíusálmunum* er eitt af örfáum handritum sem varðveist hafa með hans hendi. Að mestu leyti hefur skáldskapur hans borist til okkar gegnum prentaðar bækur og ógrynni af uppskriftum sem varðveist hafa í handritum. Í handritasafni Landsbókasafns eru um 600 handrit sem tengjast Hallgrími á einhvern hátt. Kvæði hans, vísur, sálmar og rímur hafa verið skrifuð upp í fjölmörgum handritum og það sama gildir um ævisögu hans og ættartölu. Arfurinn sem Hallgrímur skilur eftir sig er því ekki síður fölginn í öllum þeim handritum sem varðveita verk hans.

Þessi handrit eru eins fjölbreytt og þau eru mörg. Sum eru fagurlega skreytt sálmahandrit, sum eru skrifuð af þjálfuðum skrifara, önnur með illlæsilegri hendi, sum eru fagurlega bundin, önnur eru í henglum, heil og óheil, lítil og stór, gömul og ung. Öll eiga þessi handrit það þó sameiginlegt að varðveita verk Hallgríms. Og öll verðskulda þau að teljast dýrgripir, að hlúð sé að þeim og þau dregin fram í dagsljósið þegar tækifæri gefst til. Það er því gleðiefni að brot af þessum fjölbreyttu handritum fái að njóta sín á þessari sýningu.

Halldóra Kristinsdóttir
Sigríður Hjördís Jörundsdóttir

Handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Æska og uppvöxtur

Hallgrímur Pétursson fæddist árið 1614 og ólst upp í Gröf á Höfðaströnd. Sagt er að þetta sé fyrsta vísan sem hann orti:

*Í huganum var ég hikandi
af bræðslu nærri fallinn,
kattarrófan kvikandi
kom hér upp á pallinn.*

Hallgrímur fluttist ungur að árum með föður sínum að Hólum í Hjaltadal. Þar réð þá enn ríkjum hinn aldni biskup Guðbrandur Þorláksson. Faðir Hallgríms, Pétur Guðmundsson, var hringjari á Hólum en hann og Guðbrandur voru bræðrasynir. Þegar Hallgrímur var 10 ára var biskup orðinn svo veikur að Arngrímur lærði tók við starfi hans en Halldóra biskupsdóttir stjórnaði búi. Um móður Hallgríms er ekkert vitað annað en að hún hét Sólveig. Það er óvíst hvort Hallgrímur var hjónabandsbarn en þó er vitað að hann átti tvö yngri systkini, Pál og Guðríði. Flest bendir til þess að Hallgrímur hafi ekki notið samvista við móður sína þegar hann var á Hólum.



Gröf á Höfðaströnd. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.



Guðbrandur Þorláksson


Á Hólum hefur Hallgrímur lært að lesa og skrifa og auk þess eitthvað í latínu en um 14 ára aldur fór hann brott af staðnum – hafi hann ekki beinlínis verið rekinn. Elsta heimild sem varðveitt er um ævi Hallgríms er æviágrip sr. Jóns Halldórssonar (1665–1736) í Hítardal og hann segir að Hallgrímur hafi komist „í ólempi fyrir kveðskap eður annan þess háttar ungæðisskap við fyrirkvenfólk á Hólum. [...] Var því látinn sigla.“ Hugsanlegt er að hann hafi ort þessar vísur á Hólum:

*Einhvern tíma kerling, kerling
kann til bera,
að ég fái velling, velling
og verði séra, séra.*

*Vékstu áður víf að mér
vöndu' en góðu eigi.
Því skal enginn unna þér
upp frá þessum degi.*

Svo virðist sem Hallgrímur hafi átt erfitt með að setta sig við yfirgang. Snemma grípur hann til kveðskaparins og notar hann sem vopn. Hann fer sína leið, lætur ekki stjórna sér eða kúga sig.

Séð heim að Hólum um 1800.



Í Danaveldi

Í æviágripi Jóns Halldórssonar í Hítardal segir að Hallgrímur hafi komist í þjónustu „hjá harðráðum járnsmið eður kolamanni (sumir segja í Kaupinhafn en aðrir í Glücksted). Eitt sinn er hann mætti bæði hörðum orðum og gjörðum og gekk út með reiðu skapi, hallmælandi húsbóndanum í ófagri íslensku, bar af hendingu þann að er skildi málið, sem var Brynjólfur Sveinsson. Heyrði hann pilturinn var íslenskur, þótti heldur orðhittinn, þó ei væri orðfagur í það sinn; ávitaði hann og sagði að ei ætti hann svo sárlega að formæla sínum samkristnum. Hallgrímur tók því að sönnu vel en spurði hvort hann vildi ekki vorkenna sér nokkuð þar hann ætti allt illt og þar á ofan fyrir sakleysi barinn og laminn. Brynjólfur fann að nokkuð mundi þó neytt með þessum pilti, réði honum að skilja við þessa þjónustu og leggja annað fyrir sig svo af hans áeggjan og tilstilli komst hann í Vor frue skóla í Kaupinhafn.“

Hallgrímur hefur sennilega verið 18 ára gamall þegar hann innritaðist í Vor frue skole (Metropolitanskolen) í Kaupmannahöfn árið 1632. Honum sóttist námið vel og var brátt kominn í efsta bekk eða eins og Hálfðan Einarsson orðaði það: „Tók Hallgrímur þar slíkum framförum að 1636 var hann kominn í (svokallaða) meistaralectiu.“ Hefði hann lokið prófi frá skólanum hefði hann átt góða von um embætti heima á Íslandi.

Glückstadt á 19. öld.



Guðríður

Árið 1636 dregur á ný til tíðinda í lífi Hallgríms Péturssonar. Til sögunnar kemur kona sem breytir lífi hans. Það er Guðríður Símonardóttir (1598–1682), sjómanskona úr Vestmannaeyjum sem tekin hafði verið nauðug ásamt tæplega 300 öðrum löndum sínum árið 1627 og seld mansali í Alsír. Hún var gift kona og móðir þegar ránið var framið; maður hennar varð eftir í Vestmannaeyjum en hún var tekin ásamt ungum syni þeirra.

Guðríður var í hópi þeirra fáu Íslendinga sem áttu afturkvæmt. Henni tókst að fá sig keypta lausa með aðstoð útsendara Danakonungs en sonur hennar varð eftir; ekki er vitað hvenær eða hvernig hún varð viðskila við hann. Í Kaupmannahöfn bar fundum þeirra Hallgríms saman þegar honum var fengið það verkefni að rifja upp kristin fræði með hópnum eftir langa vist þeirra í landi múslima. Beinir heimildir um Guðríði eru fáar en þó er varðveitt bréf frá henni sem hún skrifaði (eða lét skrifa fyrir sig) í Alsír og sendi eiginmanni sínum.

Heimildum ber saman um að eiginmaður Guðríðar hafi drukknað um það leyti sem hún kynntist Hallgrími og óvíst sé hvenær hún frétti lát manns síns. Ævisöguritarar eiga það sameiginlegt að tala um ástarþokka og ást þá sem Hallgrímur fékk á Guðríði. Í elsta æviágripinu eftir Jón Halldórsson í Hítardal segir að Árni Gíslason lögréttumaður hafi gert ráðstafanir til þess að Hallgrímur og Guðríður mættu giftast „fyrst Hallgrímur varð ekki af því talinn“. Þessi orð benda til þess að einhver hafi ráðlagt honum að láta þessa konu eiga sig og ef til vill velja sér betra kvonfang en Hallgrímur fór ekki að þeim ráðum. Hann valdi Guðríði sem lífsförunaut.

Sagt er að Hallgrímur hafi ort ferðasálminn
Ég byrja reisu mín í Kaupmannahöfn
annaðhvort árið 1632 eða 1637.

Ég byrja reisu mín

*Ég byrja reisu mín
Jesú, í nafni þín
höndin þín helg mig leiði
úr hættu allri greiði
Jesús mér fylgi í friði
með fögru englaliði.*

*Móðurjörð minni frá
þín mildin gæsku há
leiddi með lukku blíða
og létti öllum kviða
Jesús mér fylgi í friði
með fögru engla liði.*

*Þín föðurleg náðin frí
framandi löndum í
forsorgaði og fæddi
fullvel nærði og klæddi
Jesús mér fylgi í friði
með fögru englaliði.*



Helga Jónsdóttir í hlutverki Guðríðar og Pröstur
Leó Gunnarsson sem Hallgrímur í *Heimi Guðríðar*
eftir Steinunni Jóhannesdóttur 1999. Ljósmynd:
Sæmundur Kristinsson.

Heimkoma

Fyrst eftir heimkomuna til Íslands vann Hallgrímur hjá dönskum kaupmönnum. En þegar þeir sigldu átti hann ekki í nein hús að venda. Þá tók Árni Gíslason lögréttumaður í Ytra-Hólmi hann undir sinn verndarvæng. Talið er að Hallgrímur hafi ort *Rímur af Lykla-Péttri og Magellónu* skömmu eftir heimkomuna til Íslands um eða eftir 1637. Söguefnið er upprunið í Austurlöndum; ævintýri úr *1001 nótt* sem borist hefur gegnum Ítalíu inn í evrópskar bókmenntir.

Rímur af Lykla-Péttri og Magellónu

(úr mansöng fyrstu rímu)

*Áður forðum skáldin skýr
skemmtun mjúka frömdu,
afreksmanna ævintýr
oft í ljóðum sömdu.*

*Þjóðkveðendur þar til mest
þankann gjörðu að hneigja,
dikta um þá, sem dugðu best
darra él að heyja.*

Séð heim að Ytra-Hólmi. Samsett mynd.



Prestvígsla

Það sem gerir æviferil Hallgríms sérstakan er ekki síst það að hann fer á milli stétta. Hann er fæddur inn í hina fámennu yfirstétt eða embættismannastétt, frændi Guðbrands biskups, en hrasar og deilir kjörum með alþýðu landsins á tímabili eða þar til hann er vígður til prests. Heimildum ber ekki saman um hver átti frumkvæðið að vígslu Hallgríms en víst er að Brynjólfur, þá orðinn biskup í Skálholti, vígði Hallgrím til Hvalsnessprestakalls um 1644. Hallgrímur var þá um þrítugt. Með prestsembættinu gjörbreyttist staða hans í samfélaginu.

Hagur presta var að vísu misgóður, sumra beinlínis bágborinn og Hvalsnes var ekki eftirsótt prestakall.

Í Hvalsnesi mun Hallgrímur hafa ort *Leppalúðakvæði* til að hafa hemil á börnum sínum. Þau eru nefnd með nafni: Eyjólfur, Guðmundur og Steinunn. Efni kvæðisins er það að Grýla hefur sökum veikinda sent Leppalúða að leita að óþekktum krökkum. Leppalúði heldur því fram að Steinunn sé órógleg á nóttunni og haldi vöku fyrir móður sinni. Honum líst vel á Eyjólf nema að því leyti að hann er of mikið fyrir það að lesa og syngja. Guðmundur litli er honum mest að skapi.

Leppalúðakvæði

*Þetta sagði hann Leppalúði
veik hann þá inn
skapfellegur þætti mér
hann Eyjólfur þinn.*

*Skapfellegur þætti mér
en skilur okkur eitt
hann þylur fram úr bókunum
og það er mér leitt.*

*Hann þylur fram úr bókunum
og þrásyngur í kór;
mér þætti hann litli Gvöndur
mátulega stór.*

*Mér þætti hann litli Gvöndur
mér haga best
latur er hann að læra
og leik fellur mest.*

*Latur er hann að læra
og les heldur tregt
stendur í honum stumpurinn
og stamar heldur frekt.*



Gestur Pálsson í hlutverki Hallgríms og Haraldur Björnsson sem Brynjólfur í uppfærslu Þjóðleikhússins á *Tyrkja-Guddu* eftir Jakob Jónsson 1952. Ljósmynd: Sigurhans Vignir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.

Veraldlegur kveðskapur

Hallgrímur orti einnig *Rímur af Flóres og Leó* og *Króka-Refs rímur*. Þær síðarnefndu eru ortar út af *Króka-Refs sögu* sem er Íslendingasaga og í mansöng annarrar rímu segir skáldið að nú tíðkist mjög að yrkja um hetjur úr erlendum sögum en vel fari á því að sýna virðingu þeim hreystimennum sem uppi voru á Íslandi áður fyrr og yrkja um afrek þeirra enda hafi þeir síst staðið útlendu hetjunum að baki:

*Bragnar þessir beita kunnu brandi rjóðum
engu síður öðrum þjóðum,
ætíð héldu sigri góðum.*

Í mansöngvunum fyrir *Króka-Refs rímum* kemur fram að skáldið á um sárt að binda; hefur orðið fyrir djúpri sorg og fyrir honum vakir meðal annars að sefa hugann með því að yrkja þessar rímur. Það er ekki ólíklegt að sorgin sem hér er talað um sé lát Steinunnar dóttur hans eða annar barnsmissir.



Sigurður Karlsson í hlutverki Hallgríms og Steinunn Jónhannesdóttir sem Guðríður í uppfærslu Þjóðleikhússins á *Tyrkja-Guddu* eftir Jakob Jónsson 1983. Ljósmynd: Jóhanna G. Ólafsdóttir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.

Erfljóð

Hallgrímur orti tvö erfljóð eftir Steinunni, *Nú ertu leidd mín ljúfa* og *Sælar þær sálir eru*. Í raun er ekki vitað hvort þau hafi verið ort á sama tíma en telja verður líklegt að þau séu ort skömmu eftir lát barnsins, þ.e. á árunum 1644–1646. Þessi tvö erfljóð eru ólík að því leyti að hið fyrrnefnda er stutt og fremur látlaust en í síðarnefnda kvæðinu eru miklu meiri tillífrif, sviðsetning og tilvísun í Opinberunarbókina auk þess sem kvæðið er griplur (akrosticon) því að upphafsstafrir og upphafsorð erindanna mynda setninguna „Steinunn mín litla hvílist nú“.

Úr erfljóði Hallgríms um Steinunni dóttur sína:

Sælar þær sálir eru

*Unun var augum mínum
ávallt að líta á þig
með ungdómsástum þínum
ætið þú gladdir mig
rétt yndis elskulig
auðsveip af hjarta hlýðug
í harðri sótt vel líðug
sem jafnan sýndi sig.*

*Næm, skynsöm, ljúf í lyndi
lífs meðan varstu hér
eftirlæti og yndi
ætið hafði ég af þér
í minni muntu mér
því mun ég þig með tárurum
þreyja af huga sárum
heim til þess héðan fer.*

Steinunn Jóhannesdóttir í hlutverki Guðríðar og Hrannar Már Sigurðsson sem sonur hennar í uppfærslu Þjóðleikhússins á *Tyrkja-Guddu* eftir Jakob Jónsson 1983. Ljósmynd: Jóhanna G. Ólafsdóttir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.



Saurbær á Hvalfjarðarströnd

Eftir um sjö ára þjónustu í Hvalsnesi hlaut Hallgrímur mun betra brauð, Saurbær á Hvalfjarðarströnd, árið 1651. Í æviágripi Jóns úr Hítardal segir einnig um Hallgrím að í Saurbær hafi hann verið „bæði vel látinn og vegnað miklu betur“. Flest bendir til þess að fyrsti áratugurinn eftir að Hallgrímur flutti í Saurbær 1650–1660 hafi verið bestu ár ævi hans og munu öll helstu verk hans vera samin á þessum tíma. Þar ber hæst sálmaflokkana tvo, *Samúelssálma* og *Passíusálmana*, og tvö guðræknisrit í lausu máli. Þau tækifæriskvæði Hallgríms sem hægt er að tímasetja eru flest ort á árunum frá 1650 til 1670, þ.e. eftir að hann varð prestur í Saurbær. Hér orti hann erfikvæði um velgjörðamann sinn Árna Gíslason, nýársálminn *Árið hýra* og *Hugbót*, huggunarkvæði eftir brunann í Saurbær.

Árið hýra nú hið nýja

*Árið hýra nú hið nýja
náðar góður sendi landi voru Guð
þrautir láti frá oss flyja
fargi sorgum endi grand og eyði nauð
alla fylli gleði gæðum
gæsku miskunn drottins blíð
í fastri ást og frið af hæðum
stöðugir staðum
oss hann blessi árla og síð.*

*Jesú prisað nafn eg nefni
nýtt ár þetta komið heimi vígir best
styrki verk og stofnað efni
styðji græði auma geymi mildin mest
barn umskorna dýrum dreyra
dreifi yfir hjörtun mædd
synda grand og fárið fleira
fjær að keyra
virðist dýrðin gæsku gædd.*

Gestur Pálsson í hlutverki Hallgríms og Regína Þórðardóttir sem Guðríður í uppfærslu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guðdu eftir Jakob Jónsson 1952. Ljósmynd: Sigurhans Vignir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.



Saurbær brennur


Dvöl Hallgríms og Guðríðar í Saurbæ var farsæl þar til bærinn brann árið 1662 þann 15. ágúst en þá urðu öll hús þar og mikið af búshlutum eldi að bráð. Margir urðu þá til að hjálpa sr. Hallgrími svo hægt var að byggja upp staðinn sama haust. Þá orti Hallgrímur sálminn *Hugbót* sem hefst svona:

*Guð er minn Guð þó geisi nauð
og gangi þanninn yfir.
Syrnja skal spart þó missi eg margt;
máttugur herrann lifir.
Afhjarta nú og hreinni trú
til hans skal eg mér venda.
Nafn drottins sett fær bölið bætt,
blessað sé það án enda.*




Útsýni frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.

Passíusálmarnir



Hallgrímur skrifaði *Passíusálmanna* upp í nokkrum eintökum. Fyrsta eintakið sendi hann sr. Jóni Jónssyni (um 1596–1663) á Melum í Melasveit. Jón var vinur Hallgríms og nágranni og sonur sr. Jóns Þorsteinssonar píslarvotts úr Vestmannaeyjum og konu hans, Margrétar Jónsdóttur. Sr. Jón og Guðríður Símonardóttir voru á sama aldri, bæði úr Vestmannaeyjum og Tyrkjaránið 1627 hafði markað djúp spor í líf beggja og ráðið miklu um örlög ættmenna. Skömmu síðar eða í mars 1660 sendi Hallgrímur Ragnhildi Árnadóttur í Kaldaðarnesi *Passíusálmahandrit* en hún var dóttir Árna Gíslasonar í Ytra-Hólmi. Þá sendi hann Helgu Árnadóttur (1626–1693) í Hítardal og Kristínu Jónsdóttur (1611–1683) hvorri sitt handritið í maí 1660 (tileinkunin er varðveitt í JS 342 4to og prentuð í Hallgrímur Pétursson I 1887:374-379). Kristín var eiginkona Sigurðar Jónssonar (1618–1677) sýslumanns í Þverárþingi. Sigurður varð lögmaður sunnan og austan 1663 og orti Hallgrímur þá heillaóskakvæði til hans. Loks sendi hann Ragnheiði Brynjólfsdóttur (1641–1663), biskupsdóttur í Skálholti, handrit að *Passíusálmunum* í maí 1661 og er það eina eiginhandarritið sem varðveist hefur, JS 337 4to.



Að ofan: upphafssiður eiginhandarrits Hallgríms að *Passíusálmunum*. Handritasafn Landsbókasafns Íslands, JS 337 4to.

Skálholt

Veturinn 1662–1663 gekk skæð farsótt um landið og dvaldist Hallgrímur þá í Skálholti. Í bréfi frá Torfa Jónssyni, bróðursyni Brynjólfs til Þormóðar Torfasonar, rituðu 1687, segir hann að Brynjólfur hafi kallað Hallgrím í Skálholt vegna allra þeirra rauna sem dundu yfir hann og fjölskyldu hans þá. Talið er að Brynjólfur hafi óskað eftir að Hallgrímur veitti Ragnheiði, dóttur hans, sem þá var orðin veik af berklum stuðning og huggun. Ragnheiður lést 23. mars árið 1663, aðeins 22 ára gömul.

Flateyjarbók

Hinir þungbæru atburðir í fjölskyldu Brynjólfs og veikindi í Skálholti urðu meðal annars til þess að Brynjólfur bað Hallgrím að taka að sér erfitt og viðamikid verkefni sem honum sjálfum hafði verið falið skömmu áður. Það var að semja skýringar við fornar vísur í Ólafs sögu Tryggvasonar í Flateyjarbók fyrir Þormóð Torfason, sagnaritara konungs. Flateyjarbók var, þegar hér er komið sögu, varðveitt í Konungsbókhöfundunni í Kaupmannahöfn. Þangað sendi Brynjólfur hana ásamt öðrum handritum árið 1656 að ósk konungs. Í Kaupmannahöfn hafði Þormóður unnið í tvö ár að þýðingu bókarinnar en treysti sér ekki til að þýða vísurnar heldur skrifaði hann þær upp og vildi fá skýringar við þær áður en ráðist yrði í að þýða.

Hallgrímur samdi skýringar við vísurnar og eru þær varðveittar í eiginhandarriti hans. Um svipað leyti mun hann hafa ort kvæðið *Aldarháttur*. Þar notar hann markvisst og líkir eftir orðalagi vísanna í Ólafs sögu Tryggvasonar; virðist kvæðið því ekki hafa verið ort fyrr en hann fór að fást við vísna skýringarnar. Kvæðið *Aldarhátt* má því tímasetja með nokkurri vissu um 1663 eða ári eftir að Íslendingar sóru Danakonungi eið sem einvaldi. Ekki er ósennilegt að sá atburður hafi haft áhrif á tilurð kvæðisins.

*Áður á tíðum var tíska hjá lýðum, svo tryggðir kenndu,
frá barndómi bliðum með fremdarhag fríðum að frægðum sér vendu,
af strengboga stríðum í hárs elda hríðum herskeytin sendu
eða á mar víðum þeir skervallar skiðum til skemmtunar renndu.*

*Manndómur mundi þá sveinar á sundi sóttust af aftli,
einn sat í lundi hjá litfögru sprundi og lék sér að tafli,
hinna þar við undi sem hátt knöttur hrundi eða handsaxakaftli,
lof þeim að dundi er frægð bar af fundi með fanndigulskafli.*

*Verfákum vöndum með bifroknum bröndum þeir bægðu frá láði,
byr söng í böndum á brimjarðar-gröndum þá beittu við gráði,
geir rumdi á röndum rik þjóð í löndum rítar-él háði,
gnótt var í höndum, gekk lið af ströndum með gló-kraka-sáði.*



Úr Flateyjarbók. Stofnun Árna Magnússonar, GKS 1005 fol.



Diarium christianum eður *Dagleg idkun af öllum Drottens dagsverkum*, með samburði Guðs tíu bodörða við sköpunarverkið og minningu nafnsins Jesú, skrifað og samsett af s. Hallgrími Péturssyni anno 1660.




Rit í óbundnu máli

Skömmu eftir að Hallgrímur lauk við *Passíusálmana* samdi hann rit í óbundnu máli sem nefnist *Diarium christianum*. Fullur titill þess er: *Diarium christianum eður Dagleg idkun af öllum Drottens dagsverkum, með samburði Guðs tíu bodörða við sköpunarverkið og minningu nafnsins Jesú, skrifað og samsett af s. Hallgrími Péturssyni anno 1660*. Það er að mörgu leyti ólíkt *Passíusálmunum* en þó eiga verkin tvennt sameiginlegt; bæði eru íhugun og í báðum byggir höfundur mjög á reglum hinnar klassísku mælskufræði. Ritið var fyrst prentað að Hólum árið 1680. Það kom út alls fimm sinnum.

Úr kaflanum *Sunnudagsidkun í Diarium christianum*:

Sólin er sú fegursta skepna sem ber fyrir vorar sjónir af öllum sköpuðum blutum. Jesús er sá allra fríðasti og fegursti í sínum heilagleika og skært skínandi réttlæti í öllum sínum dásemdar verkum, bæði fyrir Guðs og rétttrúaðrar sálar augum.



Til vinstri: *Sjü gudrækelegar umþenkingar* eður *eintal kristins manns við sjálfan sig*. 5. útgáfa, prentuð á Hólum 1773.

Til hægri: *Historia þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristi*. Prentað á Hólum 1666.

Holdsveiki

Árið 1663 mun Hallgrímur einnig hafa ort sálminn *Þakkargjörð fyrir afturfengna heilsu*. Þar er lýst gleði og þakklæti þess sem legið hefur veikur en hlotið heilsu og krafta á ný. Jesús er nefndur læknir og lífgjafari sem gaf ljóðmælanda aftur heilbrigði og hraustleik og gerði harðan vönd hirtingarinnar mjúkan. Ekki er vitað hvaða sjúkdómur hrjáði Hallgrím í það sinn en þetta staðfestir orð Hálfðanar Einarssonar um að hann hafi ekki orðið var við holdsveikina fyrr en um eða eftir 1665.

Árið 1667 var hann orðinn það slæmur af holdsveiki að hann fékk sér aðstoðarprest. Hann fór þó til Alþingis bæði 1668 og 1669 en „[h]in síðustu misseri varð hann kararmaður og nærri blindur en bar þó sinn þunga veikleika með þolinmæði og orti í honum marga andríka og hjartnæma sálma“, svo vitnað sé í formála Hálfðanar Einarssonar að *Hallgrímskveri* 1773.



Gestur Pálsson í hlutverki Hallgríms og Regína Þórðardóttir sem Guðríður í uppfærslu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guddu eftir Jakob Jónsson 1952. Ljósmynd: Sigurhans Vignir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.

Síðustu æviár

Síðustu ár ævinnar bjó Hallgrímur fyrst á Kalastöðum og síðan á Ferstiklu þar sem hann lést 27. október 1674.

Úr bréfi frá Hallgrími Péturssyni til Þormóðs Torfasonar konunglegs sagnaritara ritað á Kalastöðum 9. júlí 1671.

Ærusami, velvísi og velforsókti heiðursmann! Elskulegi vin og attmaður Þormóður Torfason! Næst umliðið ljúflynðissamtal og atvik öll ærusamlig þakka ég yður alúðlega, ásamt öllum áður undanförunum góðvilja, viljandi gjarnan yður þéanlegur finnast í því litlu orka kynni. Til hugar hefur mér komið okkar næsta samtal um Völuspá, og svo hefi ég hana síðan, og þó með skyndi, yfirlesið, og er mér sama í hug sem fyrri um verið hefur, að fáir muni hennar rétta meining hitta á þessum dögum, en allra síst ég, sem framandi er í þeim gömlu historium og öðrum antiquitetum, án hverra skammsýni er eftir hennar meining að grennslast. Þó vil ég ekki yður synja minnar bernskulegrar meiningar í stuttu og einföldu máli, hvað mér sýnist um hennar sérlegasta innihald.

Í fyrstu meina ég, að ekki muni hún hafa með theologiam að gera. Máske sá andi, af hverjum hún hefur talað, hafi ekki verið neinn theophilus. Hitt sýnist mér, að hennar inntak sé mest historicum eftir hennar eigin orðum: níu man eg heima, hvar við hún samslengir nokkru úr astronomia, eftir þeim orðum: níu íviðjur etc, en einna mest úr physica, eftir þeim orðum: mjötuð mæran etc. Þetta byrjar hún fyrst með upphaf allra hluta, hverja hún meðkennir í fyrstu ekki verið hafa, svo sem hún meðkennir í þessum orðum:

*Ár var alda,
þá er ekki var.*

Á banabeði orti Hallgrímur nokkra sálma þar sem hann lýsir sjúkdómi og hrörnun og býr sjálfan sig undir dauðann. Hann líkir dauðanum við fæðingu og Guði við ljósmóður:

*Af þrengslum minnar móður lífs
mig leiddir þú án dauðans kífs
leys nú af þrengslum líkamans
lifandi sál til himna ranns.*

*Svo láttu mína sálu nú
sjá þig í einni réttri trú;
vertu sjálfur ljósmóðir mín,
mín sál fæðist í hendur þín.*



Hvernig var Hallgrímur?


Hálfdan Einarsson lýsir Hallgrími þannig: „Að ytra álitu var hann stór og ei liðlega vaxinn, dökkur á hár og brún, enginn raddmaður, en hversdagslega skemmtinn og glaðsinna, án viðhafnar tilbreytnis, liðugur og orðheppinn í kveðskap, andríkur og orðhagur predikari, velskiljandi dönsku, þýsku, latínu og sitt móðurmál.“

Í lausavísu einni lýsir Hallgrímur sér þannig:

*Sá sem orti rímur af Ref
reiknast ætíð glaður,
með svartar brýr og sívalt nef,
svo er hann uppmálaður.*

Hallgrímur og samtímaskáld

Hallgrímur Pétursson var fjölhæft skáld sem lagði stund á ýmsar tegundir bókmennta, svo sem hverfulleikakvæði, ádeilukvæði, tækifæriskvæði, sálma og passúsálma. Allar þessar bókmenntagreinir eru dæmigerðar fyrir samtíma hans, sautjándu öldina, tímabil sem oft er kennt við barokk. Bæði kveðskapur hans og íhugunarrit í lausu máli sýna vel lærdóm hans og lífsviðhorf og staðfesta að hann má með réttu kallast lært skáld á evrópskan mælikvarða. Hann hlaut að vísu skamma skólagöngu en aflaði sér sjálfur menntunar og þekkingar og ávann sér smám saman virðingu samtímamanna sinna með kveðskap sínum, ekki síst tækifæriskvæðum og sálmum. Stefán Ólafsson í Vallanesi (1618–1688) var samtímamaður hans og dæmigert barokkskáld en að mörgu leyti ólíkur Hallgrími og þess vegna bæði hliðstæða hans og andstæða. Önnur samtímaskáld þeirra voru Bjarni Gissurarson í Þingmúla (1621–1712), Jón Magnússon í Laufási (1601–1675) og Guðmundur Erlendsson í Felli (um 1595–1670). Öll lögðu þessi skáld stund á svipaðar bókmenntagreinir og eiga margt sameiginlegt með skáldbræðrum sínum í útlöndum, einkum á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. Nefna má barokkskáldin Thomas Kingo (1634–1703) í Danmörku, Petter Dass (1647–1707) í Noregi og Andreas Gryphius (1616–1664) í Þýskalandi. Barokkskáldin voru mótuð af þeirri heimsmynd sem gerir ráð fyrir Guði sem skapara og hinsta tilgangi alls, þau tengdust flest kirkjunni og menntakerfinu og höfðu reglur hinnar klassísku mælskufræði að leiðarljósi. Í kveðskap sínum nota þau gjarnan samlíkingar, byggðar á þeirri hugmynd að heiminn megi lesa eins og bók sem sett er saman úr ýmsum táknnum sem færa mannum skilaboð frá Guði.



Um dauðans óvissan tíma eða Allt eins og blómstrið eina er þekktasti sálmur Hallgríms. Handritasafn Landsbókafns Íslands, JS 337 4to.

